

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hvamma, vegna Háahvamms 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 7. september síðastliðinn að grenndarkynna erindið. Breytingin felst í að form byggingarreits er breytt og nýtingarhlutfall á lóð hækkað úr 0,31 í 0,34. Auk þess stækkar húsið um 120 mm allan hringinn vegna endurbóta, en húsið verður einangrað að utan og klætt.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga og hefur uppdráttur ásamt greinargerð hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 25. október 2022.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anna Margrét Tómasdóttir** verkefnastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 8. nóvember 2022